

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsskatt og holræsagjöld á Austur-Héraði.

1. gr.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs er heimilt að innheimta vatnsskatt og holræsagjöld af þeim fasteignum sem tengdar eru sameiginlegum veitum í eigu sveitarfélagsins.

2. gr.

Holræsagjöld greiðast sem hér greinir:

Holræsagjald A	0,15% af fasteignastofni + lóðamati
Holræsagjald B	0,15% af fasteignastofni + lóðamati

3. gr.

Vatnsskattur greiðist sem hér greinir:

Vatnsskattur A	0,19% af fasteignastofni + lóðamati
Vatnsskattur B	0,26% af fasteignastofni + lóðamati
Aukavatnsskattur skv. mæli	kr. 10,30 pr. m ³ (byggingavísitala 245,5 stig)

4. gr.

Gjöldin skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 20. desember 2000.

Egilsstöðum, 15. janúar 2001.

Þórhallur Pálsson,
forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.